

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar, Húsafell 3.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. mars 2018 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. janúar 2018.

Í breytingunni felst að landnotkun á alls 13 ha svæði í Húsafelli 3, er breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu S9. Um er að ræða hluta af svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð F128.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. mars 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2018